

Þjónar

Í september 2012 byrjuðu börnin að skiptast á að leggja á borð. Fyrst voru það aðeins elstu börnin en hin yngri fylgdu fljótlega á eftir.

Starfsmaður velur þrjú börn og skrifar nöfn þeirra á þar til gert blað. Haldin er skráning um hverjir eru þjónar. Passað er upp á að allir fái jöfn tækifæri til að vera þjónn.

Börnin fá rauðar svuntur þegar þau leggja á borð, þau telja hvað þarf marga diska, glös og hnífapör á hvert borð. Þau eru fljót að sjá ef það vantar eitt barn í skólann þá þarf ekki að leggja disk fyrir hann einnig ef það vantar uppá t.d. glösin frá eldhúsinu þá telja þau fjöldann sem vantar og sækja í eldhús.

Að lokum bjóða þau hinum börnunum til sætist en fá sjálf að borða í eldhúsinu með starfsfólkinu þar og þremur öðrum börnum frá Gulu lind.

Ef barn á afmæli getur það fengið að vera þjónn og velja tvo vini með sér.

Börnin hafa oftast tekið hlutverk sitt alvarlega sem þjónn og vanda sig við að leggja á borð. Þau skoða oft myndina hér fyrir neðan til að sjá hvar hnífapörin eiga að vera.

Það er vinsælt hjá börnunum að fá að vera þjónn og sést það vel þegar starfsmaður skráir nöfn þeirra á blaðið þá fylgjast þau vel með og eru farin að þekkja nöfn hvors annars.

⇒φ {ναρ



1. _____

2. _____

3. _____

Borð-þjónar

Við hvert borð eru borðþjónar. Stundum er eitt barn borðþjónn eða tvö, fer eftir fjölda barna við matarborðið. Hvert barn á sinn vikudag.

Hlutverk borðþjóns er að sækja meiri mat í eldhús ef það vantar eitthvað t.d. kartöflur, sósur og grænmeti. Þegar allir hafa fengið sér á diskinn býður borðþjóninn öllum að gera svo vel. Eftir borðhald hjálpa þau til við að taka af borðinu og setja á vagninn og þurrka af borðinu.

Við hvert borð er blað þar sem skráð er hvaða dag hvert barn á.

Börnin eru mismunandi áhugasöm um þetta hlutverk sitt, eldri börnin eru yfirleitt spenntari fyrir því. Öll vilja þau þó fá að segja „gjörið svo vel“ og að sækja mat í eldhúsið.

Börnin spyrja mikið „hvenær er ég borðþjónn“? Mörg þeirra þekkja nöfn vina sinna en eiga erfiðara með að átta sig á vikudögunum.

Ætla því að prófa að setja tákni við hvern dag, t.d. mynd af önd við miðvikudag þá getur það barn séð að þegar tákni tvö á undan eru búin þá er komin röðin að því.

Að þakka fyrir sig

Að loknu borðhaldi settust börnin við borðið sitt og þökkuðu fyrir sig, öll í einu. Kennurum fannst þetta oft valda togstreitu á milli þeirra og barnanna því oft var erfitt að safna þeim saman aftur við borðið þegar þau voru búin að ganga frá. Ákveðið var að ræða við börnin um að þegar þau vildu ganga frá diskinum sínum myndu þau þakka fyrir matinn fyrst og ganga síðan frá. Þetta hefur gengið vel sérstaklega hjá eldri börnunum en þau yngri eru aðeins lengur að tileinka sér þetta.

Þurfum að sjá hvernig þetta þróast.

4.desember 2012

Að velja nafn á hópinn sinn

Á hverju hausti velja börnin nýtt nafn á hópinn sinn. Þau segja alltaf í byrjun „við erum núna í Bikarahóp“ sem var t.d. nafnið sem elstu krakkarnir í fyrra völdu sér.

Kosningin fer þannig fram að hvert barn er hvatt til að koma með hugmynd af nafni. Allar hugmyndir eru skrifaðar niður. Síðan eru allar tillögurnar kynntar.

Börnin kjósa þau nöfn sem þeim líst best á. Þau nöfn sem fá flest atkvæði eru kynnt og síðan kosið um þau. Það nafn sem fær flest atkvæði er valið.

Börnin eru yfirleitt alltaf sátt við það nafn sem valið er.

Mjög algengt er að stelpurnar komi með nöfn eins og prinsessuhópur, glimmerhópur en strákararnir með súperman eða batman hóp. Þriggja ára börnin koma gjarnan með dýranöfn á hópinn. Einn drengurinn var ósáttur með að vera í kisuhóp (vildi vera ljón) en varð ánægður þegar kennari fann flotta mynd af ketti í veiðihug til að tákna hópinn.


Við viljum dótadag!

Elstu börnunum langaði mikið til að koma með dótið sitt í leikskólann en vissu að það mátti bara koma með bók, disk eða bangsa. Þau spurðu því oft hvort ekki væri hægt að hafa leikfangadag. Það var engin leikfangadagur skráður á skipulagsblaðið ☹ en kennari ráðlagði þeim að tala bara við leikskólastjóran og athuga hvernig hún tæki í það að skella á einum slíkum degi. Börnin fengu ósk sína uppfyllta og áttu gleðilegan leikfangadag ☺ .

Ηπα□α δ ςτ μζ τακα με□ σΓ ρ ζ λεικσκ ςλαν ν?



⇒α□ μζ κομα με□ βανγσα



⇒α□ μζ κομα με□ β ςκ



Σ φ)στυδ)γυμ μζ κομα με□ λιταβ ςκ

Öll börnin á deildinni tóku þátt í að ræða hvað mætti taka með sér í leikskólann og hvað ekki. Mörg þeirra voru að koma með allskonar leikföng og olli það stundum togstreitu í hópnum þar sem sum vildu prófa leikföngin en eigandinn vildi ekki lána, leikfangið skemmdist eða týndist sem gat valdið hugarangri og gráti.

Hópurinn kom því saman til að ræða málin. Ofantalið var það sem var valið og allir sátir með það.

Kennararnir gerðu sér grein fyrir því að börnin voru að velja það sem höfðu verið óskráðar reglur áður en gerðu sér kannski ekki grein fyrir að þau voru búin að fá þarna ákveðið vald í hendurnar. En það lærir vonandi með auknu lýðræði. Samt kom það nýtt inn að koma með litabækur á föstudegi.

Reglurnar voru settar upp þar sem börnin gætu auðveldlega virt þær fyrir sér og sýnt foreldrum sínum.

Foreldrar voru ánægðir með þessar leikfangareglur og að þær voru sýnilegar. Þau sögðu að þetta hefði leyst ágreining á morgnana þegar börnin vildu hafa hitt og þetta með sér.

Σνιλλνιγαρνιρ – ρεγλυρ ζ η Γπασταρφι



1. α□ σιτφα κψρρ



2. α□ φψλγφαστ με□, ηλυστα



3. α□ ρΓττα υππ η \νδ



4. α□ πανδα σιγ



5. α□ ηαφα γαμαν

Elstu börnin byrjuðu á því að spjalla um hvaða reglur ættu að gilda í hópastarfi. Þeim gekk vel að ákveða reglurnar og allir voru sáttir.

Reglurnar eru hengdar upp á vegg og byrjum oft hópastarfið á því að fara yfir þær.